

Mál höfðað með ákæru, dags. 28. apríl 1981, á hendur Ingvari Nikulási Pálssyni fyrir fjádrátt úr sjóðum lífeyrissjóðs verslunarmanna á tímabilinu frá janúar 1974 til júlí 1977, alls rúmar 12 milljónir gkr.

Dómsmeðferð þriggja síðasttaldra mála er skammt á veg komin, og brot þau, sem ákært er fyrir, eru komin til ára sinna.

Telur því dómarrinn, að eigi hann að fara með mál þetta, sem beiðni er gerð um skjóta fyrirtekt á, hljóti að verða bæði á því og framangreindum málum svo og öðrum málum, sem hann hefur til meðferðar, slíkur dráttur, að eigi verði réttlættur. Því álitur dómarrinn rétt með tilvísun til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 svo og 138. gr. sömu laga, að hann víki sæti í máli þessu ex officio.

Úrskurðarorð:

Dómarrinn víkur sæti í máli þessu ex officio.

Miðvikudaginn 8. júlí 1981.

Nr. 147/1981. Ákærvaldið

gegn

Herði Júlíussyni.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarrarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1981, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist aðallega, að varnaraðili verði látinn sæta gæsluvarðhaldi til 19. ágúst 1981, kl. 1700, og gangast á þeim tíma undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Eins og rannsókn þessa máls er háttað og rannsóknargögnum er farið, þykja hvorki rannsóknarnauðsynjar né aðrar lagaástæður leiða til þess, að varnaraðili sé á þessu stigi rannsóknar málsins hnepptur í gæsluvarðhald. Það athugast, að varnaraðili hefur í sakadómi Kópavogs 5. júlí sl. samþykkt að gangast undir geðrannsókn.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Eigi þykja efni til að dæma kærumálskostnað, eins og mál þetta liggur fyrir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 6. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 5. júlí sl., bar að með þeim hætti, að vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Þórir Oddsson, fór þess á leit við sakadóm Kópavogs sama dag, að Herði Júlíussyni, fæddum 12. janúar 1950 í Reykjavík, til heimilis að Þinghólsbraut 10 hér í bæ, yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 19. ágúst nk., kl. 1700, svo og að honum yrði gert á gæsluvarðhaldstímanum að sæta geðrannsókn. Kröfur vararannsóknarlögreglustjóra eru studdar þeim rökum, að kærði hafi skrifað A, fæddum . . . 1967, bréf þangað er hann nú dvelst í Dalasýslu. Þá væri einnig talið, að kærði hefði hringt í nefndan A og að sögn þeirra, er hleruðu símtöl þessi, gæti tal þess fyrrnefnda við þann síðarnefnda engan veginn talist eðlilegt. Kærði hefði orðið uppvís að kynferðislegu athæfi gagnvart fjölda drengja í desember sl. og hefði opinbert mál verið höfðað á hendur kærða, og er mál þetta nú til meðferðar í sakadómi Kópavogs.

Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kom fram krafa frá foreldrum A þess efnis, að rannsókn færi fram á því, hvað kærði hefði í hyggju gagnvart drengnum.

Kærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu í gær, og skýrði

hann þá svo frá, að hann óttaðist hegðun sína gagnvart A. Hann hefði reynt að halda aftur af sér gagnvart drengjum, frá því að hann varð uppvís að kynferðislegu athæfi gagnvart fjölda drengja í desember sl., en eftir að hann kynntist A í apríl sl. hafi hann ekki getað setið á sér lengur. Hafi hann ekki leitað á drenginn kynferðislega, þar sem hann hefði ákveðið að láta það bíða betri tíma, en betra væri að ná sterkum tilfinningatengslum við hann fyrst. Kærði kveðst hafa boðið A í bíó og í mat á Hótel Loftleiðum, boðið honum heim og gefið honum kex og kaffi og sent honum töluvert mikið af sælgæti og 2 pakka af sigarettum. Þá kveðst kærði hafa skrifað A bréf, og kveðst hann skrifa innilega til hans af væntumþykju og með fyrirhuguð nán kynni. Er hann fékk eigi svarbréf, hafi hann tvívegis hringt til A til þess að kanna, hvort hann væri ekki ennþá vinur hans, og hafi kærði þá spurt A, hvort samband þeirra stæði ekki ennþá.

Er kærði kom fyrir dóm sama dag og hann var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu, neitaði hann að hafa leitað á drenginn A kynferðislega svo og að hafa ætlað sér slíkt. Þá staðfesti kærði fyrir dómi framangreinda skýrslu, er hann gaf rannsóknarlögreglu. Tók kærði það sérstaklega fram, að hann hefði mikið reynt að ná sér upp úr þeirri vitleysu, sem hann var áður kominn í, og átti kærði þá við kynferðislegt athæfi sitt gagnvart drengjum á undanförunum árum, en upphaflega hefði hann ekki ætlað sér slíkt gagnvart A.

Skipaður réttargæslumaður kærða, Guðmundur Þórðarson héraðsdómslögmaður, hefur gert þá kröfu fyrir dómi, að synjað verði um framkomna gæsluvarðhaldskröfu, en til vara, að gæsluvarðhaldstíma verði í hóf stillt. Kærði hefur fallist á fyrir dómi, að honum væri sjálfum fyrir bestu að sæta geðrannsókn, en varðandi gæsluvarðhald er á það bent, að samkvæmt álitni lækni, sbr. skjal nr. 14, bls. 2, í máli rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 3495/80 fylgdi því stór ábyrgð að hafa kærða innilokaðan í fangelsi, þar eð slíkt hefði að öllum líkindum langvarandi eða varanleg áhrif á heilsufar hans.

Kærði hefur viðurkennt fyrir lögreglu að hafa ætlað sér að ná sterkum tilfinningatengslum við drenginn A, áður en hann leitaði á drenginn kynferðislega, en skýrslu þá hefur kærði staðfest fyrir dómi.

Framkoma kærða gagnvart drengnum styður þessar játningar kærða, en kærði hefur m. a. boðið drengnum í bíó og í mat, boð-

ið honum heim, sent honum sætindi, vindlinga og bréf, sem m. a. inniheldur ruddalegar vísur. Þá hefur kærði játað að hafa tvívegis hringt í A til þess að viðhalda sambandi þeirra. Kærði hefur að vísu jafnframt haldið því fram, að hann bæri einungis hlýjar tilfinningar til drengsins, en ekki kynferðislegar, en þegar litið er til þess, að til meðferðar í sakadómi er nú mál á hendur kærða fyrir kynferðisleg afbrot á undanförnum árum gagnvart unglingsdrengjum, svo og til framkomu kærða gagnvart drengnum A, þykir þessi fullyrðing kærða eigi marktæk. Kærði telur sjálfur, að honum væri fyrir bestu að sæta geðrannsókn, en eigi þykja efni til að vista kærða á spítala sem sjúkling.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir skylt að verða við kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi svo og að hann gangist undir geðrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum, en eigi þykir ástæða til að gæsluvarðhald vari lengur en 2 vikur, þar sem geðrannsókn ætti að vera lokið innan þess tíma. Skal því kærði látinn laus að lokinni geðrannsókn eða í síðasta lagi mánudaginn 20. júlí nk.

Ætluð brot kærða varða við 45. gr., 46. gr. laga nr. 53/1966 og 2. mgr. 203. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940 og geta varðað fangelsi. Standa því ákvæði tjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir gæsluvarðhaldi kærða.

Úrskurðarorð:

Hörður Júlíusson sæti gæsluvarðhaldi í 2 vikur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa eða skemur, hafi geðrannsókn lokið fyrir þann tíma, en að henni lokinni skal hann látinn laus eða í síðasta lagi mánudaginn 20. júlí nk. Skal hann sæta geðrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.
